




Hvernig nota á BLF hnappaborð

BLF hnappar eru til að einfalda notanda að hafa samskipti við aðra notendur sem hann á í mestum samskiptum við, sjá stöðuna á þeim, hringja í þá, gefa símtöl áfram á þá eða svara símtölum fyrir þá.

Opna BLF hnappaborð


Til að opna BLF skjá á tölvusímanum -> ýtið á  og veljið **“Show BLF side panel”** og opnast þá BLF skjárinn hægra megin á tölvusíma .

Til að hringja

Með BLF hnappaborði hefur notanda yfirsýn yfir stöðu annara notanda sem hann vill hafa yfirsýn yfir, einnig er hægt að setja símanúmer viðskiptavina til að einfalt sé að hringja í þá með því að ýta á hnappinn

Áframsenda símtal (Transferring Calls)

Það er einfalt að áframsenda símtal með BLF hnöppum, þegar þú ert í símtali og ýtir á BLF hnapp þá áframsendir þú símtalið, einnig getur þú áframsent símtal sem þú hefur ekki svarað, þegar síminn hringir þá ýtir þú á hnappinn sem þú vilt senda símtalið á, bíður eftir að viðkomandi svarar ýtir á Transfer eða ýtir strax á transfer



Sækja símtal (Pick-up)

Þegar sími hringir hjá samstarfsmanni er hægt að ýta beint á viðkomandi BLF hnapp sem blikkar rauður til að sækja símtalið

Forrita BLF hnappa

Umsjónamaður símkerfis getur forritað BLF hnappa fyrir alla notendur en einnig getur notanda gert það sjálfur með því að hægri smella á viðkomandi hnapp og velja Configure. Hægt er að setja innhúsnúmer undir hnapp sem sýnir þá hvort viðkomandi er upptekin eða ekki og einfaldar einnig að hringja, áframsenda símtal eða sækja fyrir viðkomandi:

- BLF – sýnir stöðu annar símtækja.
- Hraðval fyrir símanúmer - Speed Dial
- Custom Speed Dial – t.d. fyrir GSM nr.
- Geymsla fyrir símtöl - Shared parking.
- Agent Login /Logout.
- Breyta stöðu - Presence.

Til að forrita hnapp:

1. Hægri smellið á BLF hnapp og veljið **“Configure”**.
2. Í **“BLF Settings”** skjámynd sérðu valmöguleika sem eru í boði.
3. Veldu möguleika.
4. Veldu símtæki eða sláðu inn símanúmer.

